15. október 2026

Skólaráð Hagaskóla veturinn 2026-2027

Fundargerð

Mættir: Heimir (foreldri), Þröstur (foreldri), Arnar (kennari), Arna (kennari), Sigga Nanna (skólastjóri), Salvör (skrifstofustjóri) og Ísak (forstöðumaður Frosta)

Glerþak íslenskukunnáttu. Umræður um hvort gervigreind sé að gera það að verkum að nemendur sem eru með góðan orðaforða séu ásökuð um að nota gervigreind. Nemendurnir fari þá að nota fátæklegri orðaforða í skólanum svo þau séu ekki ásökuð um að nota gervigreindina til að aðstoða sig við að skrifa texta. Gott að fá endurgjöf á skólastarfið og athugasemdir til að við getum bætt skólastarfið og brugðist við.

Förum hringinn og kynnum okkur og segjum frá orkustiginu okkar (frá 1-10).

Fyrsta mál á dagskrá er frá Siggu Nönnu og snýr að starfsáætlun skólaráðs. Sigga les upp fyrirkomulag fundanna og tilgang þeirra. Hún minnir fundargesti á að gæta trúnaðar og að við ræðum ekki einstök mál nemenda. Sigga fer yfir dagskrá funda vetrarins og stingur upp á að hafa opinn fund 20. maí (skólaþing) þar sem fleiri geta komið og rætt hin ýmsu mál.

Annað mál á dagskrá er starfsáætlun skólans. Sigga stiklar á stóru um hin ýmsu verkefni sem eru í gangi innan skólans og kallar eftir samþykki fundargesta sem hún fær án vandræða. Starfsáætlun samþykkt.

Þriðja mál á dagskrá. Sigga Nanna fer yfir skólanámsskrá Hagaskóla. Við erum að byggja upp menningu og sýn Hagaskóla þar sem öllum börnum líður vel og fá að blómstra. Einkunnarorð Hagaskóla, stöndum saman, lærum saman og vöxum saman. Það er nýbúið að uppfæra stafræna kaflann. Aðeins rætt um nýtt fyrirkomulag á tölvunotkun í skólanum. Nú vinnum við aðallega með bækur og pappír en kennarar hafa aðgang að tölvuvögnum fyrir nemendur þegar verkefni kalla á það. Nemendur sem þurfa stuðning frá tækjum í skólanum vegna lesblindu eða annara þátta hafa að sjálfsögðu aðgang að hjálpartækjum. Mikil ánægja innan skólans með þessa stefnubreytingu varðandi tölvunotkun og foreldrar líka ánægðir með þróunina. Gengur mjög vel.

Fjórða mál á dagskrá. Aðeins rætt um endurskoðun matskvarðana. Höfum verið að fá stuðning frá Mms við þetta og hefur gengið vel. Nú er hinsvegar smá pása á þeim stuðningi því Mms og ráðuneytið eru að eiga samráð um hvernig kvarðinn á að vera. Okkar niðurstaða er að við fórum tilbaka í allt sem við vorum að gera í fyrra. Við erum að nota kvarðann 1-10 eins og er. Umræðan í skólanum í dag er ,,má ég nota hálfan eða auka stafi?" Allskonar umræður í gangi og enn margt óljóst. Við erum að gera okkar besta innanhús til að samræma okkur og vera skýr. Það sem við vitum fyrir víst er að við

eigum að útskrifa nemendur í 10. Bekk með kvarðanum 4-10. Við vonumst til að senda tölvupóst til foreldra á næstu tveimur vikum þar sem nýja námsmatið verði kynnt ítarlega. Aðeins rætt um námstímabil þar sem skólaárinu er skipti niður í t.d. 4-6 lotur. Við erum að byrja að hugsa skólastarfið á þennan hátt. Nemendur fá þá leiðsögn í gegnum námstímabilið og síðan námsmat í lok lotunnar. Við teljum að það sé mjög jákvætt að það sé loksins verið að vinna að samræmingu á námsmati á landsvísu.

Rætt um lestur og ýmislegt.

Fundi slitið.